

Ábyrgðarskilmálar Kamasa



Öflugt gæðaeftirlit er með öllu framleiðsluferli Kamasa verkfæra og einungis er notast við fyrsta flokks stál og annað hráefni í framleiðsluna. Kamasa eru stolt af gæðum vörunnar og til að fullkomna dæmið býður Kamasa fulla ábyrgð á öllum sínum helstu vöruflokkum, óháð því hvenær varan var keypt.

Skilyrði fullrar ábyrgðar eru:

- Verkfærið hefur verið notað rétt og í samræmi við hönnun þess.
- Verkfærið hefur fengið eðlilegt viðhald, smurningu, þrif o.s.frv.
- Verkfærið hefur ekki verið notað undir óeðlilegu álagi eða þvingun.
- Eðlilegt slit flokkast ekki undir galla.

Undanskilin fullri ábyrgð eru eftirfarandi:

- Neysluvara, þ.e. verkfæri sem undir venjulegum kringumstæðum slitna eða eyðast við notkun, vörur eins og skrúfbitar, borar, sagablöð, hnífar, batterí o.fl.
- Verkfæri sem hafa verið ranglega notuð eða notkun er ekki í samræmi við hönnun verkfærisins, illa viðhaldið eða eru slitin eftir áralanga notkun sem telja má eðlilega og sanngjarna endingu.
- Verkfæri sem hefur verið breytt eða átt við eða skaðast vegna ytri aðstæðna, t.d. af manna völdum eða vegna náttúruhamfara, hita, elds, vatns o.s.frv. (Force majeure)
- Verkfæraskápar, box, umbúðir og allur innmatgur í skápa og skúffur.
- Rafmagns- loft og vökvaverkfæri eru með 1 árs ábyrgð gegn framvísun reiknings fyrir kaupnum.
- Átaksmælar sem hafa ekki verið kvarðaðir.